

JAFNRETTI TIL MENNTUNAR





Jafnrétti til náms er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim kost á að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla, heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Mikilvægt er að verkefni höfði jafnt til drengja sem stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra sem ófatlaðra. Í nýrri skólastefnu menntamálaráðuneytisins er skýr áhersla lögð á að skólar búi bæði kynin undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og samfélaginu í heild. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og menntamálayfirvalda er að leita leiða til að koma til móts við ólíka getu, áhugasvið og framtíðaráform nemenda.

Vorið 1997 var sett á fót nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins til að fjalla um jafnréttismál. Bæklingur þessi er afrakstur af starfi nefndarinnar. Honum er ætlað að vekja kennara og annað skólafólk til umhugsunar um lögbundið jafnrétti kynjanna til menntunar. Þá er í honum bent á leiðir til að stuðla að jafnrétti í skólastarfi.

Vænti ég þess að bæklingurinn hvetji skólafólk og foreldra til að huga að jafnréttismálum í skólunum, bæði því sem vel er gert og því sem betur má fara. Stöðug árvekni og áhugi kennara, annars skólafólks og foreldra er forsenda þess að lögum um jafnan rétt kynjanna til menntunar sé framfylgt.



Björn Bjarnason
menntamálaráðherra



Jafnrétti til menntunar

Jafnrétti kynjanna til menntunar er sjálfsagt réttlætismál. Með því að vinna að jafnrétti til menntunar er stuðlað að því að hver einstaklingur nýti hæfileika sína og krafta sem best, óháð kynferði. Einungis þannig nýtist þjóðfélaginu sá mannaúður sem það á. Tilgangurinn með þessum bæklingi er að vekja athygli á stöðu kynjanna í skólum og benda á leiðir til að tryggja hverjum og einum viðfangsefni og menntun við sitt hæfi.

Hvað segja löggin um jafnrétti kynjanna í skólastarfi?

Í 10. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir meðal annars að

- í skólum skuli kynjum ekki mismunað
- á öllum skólastigum skuli veita fræðslu um jafnréttismál
- kennslutæki og kennslubækur skuli vera þannig úr garði gerðar að kynjum sé ekki mismunað

Hver er raunin?

Niðurstöður samræmdra prófa og staðlaðra kunnáttuprófa, svo og niðurstöður nýlegra rannsókna, hafa leitt í ljós umtalsverðan kynjamun hvað varðar menntun og skólastarf. Þannig er námsárangur pilta yfirleitt verri en stúlkna auk þess sem þeir eru líklegri til að flosna upp úr námi og lenda í ýmsum erfiðleikum í skóla. Á hinn bóginn kemur fram að sjálfsmat stúlkna er yfirleitt lægra en pilta þrátt fyrir betri námsárangur. Því má ætla að ekki hafi að öllu leyti tekist að framfylgja lögum um jafnrétti kynjanna til menntunar og að ástæða sé til að huga sérstaklega að hvoru kyni fyrir sig í skólum.



Jafnrétti í skólum

Jafnréttismiðuð kennsla gerir þá kröfu til kennara og allra sem að skólamálum starfa að þeir haldi vöku sinni í jafnréttismálum.

Jafnréttismiðuð kennsla felur meðal annars í sér að


- valdar séu fjölbreyttar kennsluaðferðir, svo sem samvinna og hópvinna
- nemendum séu veitt tækifæri til að taka það sem stundum er kallað „örugg áhætta“ og tækifæri til að hagnýta námið, til dæmis með því að samþætta þekkingu í námsgreinum og miðla henni til annarra með fjölbreytilegum hætti
- haft sé í huga að stúlkur og drengir geti haft ólík áhugamál og ólíka lífsreynslu
- í námsgreinum, þar sem öðru kyninu gengur almennt betur, séu markvisst notaðar aðferðir og efni til að hvetja alla nemendur til dáða og koma því á framfæri
- hlutir séu skoðaðir frá mörgum sjónarhornum og þar sem ólíkar heimildir eru notaðar sé þess gætt að vitna í sérfræðinga af báðum kynjum ef tók eru á
- augu séu opin fyrir hlutdrægni bæði í hegðun og námsefni og nemendum kenndar leiðir til að koma auga á og vinna gegn misrétti
- ekki sé gert ráð fyrir að allir nemendur séu gagnkynhneigðir
- skólafólk sé til fyrirmyndar um jafnréttissinnaða framkomu, til dæmis að stelpur og strákar séu spurðir álíka oft og þeim kennt af jafnmikilli dýpt og sérhæfingu

Mikilvægt er að fræða nemendur um jafnrétti kynjanna allt frá upphafi skólagöngunnar. Í þeirri kennslu þarf að leggja áherslu á styrkleika beggja kynja, skyldur beggja og réttindi.

Kennarar og skólastjórnendur eru hvattir til að velta því fyrir sér hvort kynjaskipt kennsla í afmörkuðum námsgreinum eða námspáttum sé vænleg leið til að tryggja betri námsárangur og líðan stúlkna og drengja.

Skólastjórnendur eru hvattir til að stuðla að því að nemendur af báðum kynjum komi fram fyrir hönd skóla síns.

Á undanförunum árum hefur til dæmis verið áberandi stúlknaleysi í spurningakeppnum. Það getur gefið yngri nemendum þá hugmynd að stúlkur eigi ekki erindi á opinberan vettvang.





Jafnrétti í einstökum námsgreinum

Móðurmál

Lestrarkunnátta er grundvöllur bóknáms. Rannsóknir benda til að lestrarerfiðleikar séu mun algengari hjá ungum drengjum en stúlkum og hefðbundið lestrarnám sækist mörgum þeirra seint. Byrjendakennslu í lestri þarf því að laga að þörfum bæði drengja og stúlkna.

Bókmenntalestur er snar þáttur í mótun sjálfsmyndar barna og unglinga. Með lestri bóka finna ungir lesendur fyrirmyndir og öðlast tækifæri til að setja sig í spor skáldsagnapersóna. Bókmenntakennsla í skólum getur því stuðlað að sterkari sjálfsmynd beggja kynja, aukið skilning hvors kyns á sérstöðu hins og búið nemendur undir virka þátttöku í síbreytilegu þjóðfélagi framtíðar.

Þess vegna er mikilvægt að í bókmenntakennslu í skólum verði

- lesnar bókmenntir sem sýna bæði kynin í fjölbreytileika sínum
- fjallað um bókmenntir eftir bæði karla og konur
- fjallað á gagnrýninn hátt um úrelt kynjahlutverk sem víða birtast í bókmenntum
- fjallað þannig um bókmenntir að áhugamálum beggja kynja sé gert jafnhátt undir höfði

Kennsla íslenskra bókmennta miðar að talsverðu leyti að því að veita nemendum innsýn í fjölbreytileika íslensks menningararfs. Þótt færri íslenskar konur en karlar hafi fengist við ritstörf eru konur í hópi rithöfunda ekki eins fáar og ætla mætti af þeim sýnisbókum íslenskra bókmennta sem lengst hafa verið notaðar við kennslu. Skólinn getur tekið þátt í að leiðrétta þessa mynd og gefa nemendum þar með fjölbreyttari, áhugaverðari og sannari mynd af íslenskri menningu.

Stærðfræði og náttúrufræði

Rannsóknir hafa leitt í ljós að margar stúlkur sýna stærðfræði og náttúrufræði minni áhuga á framhaldsskólastigi en piltar. Nauðsynlegt er að laga kennsluefni og aðferðir að áhugasviðum og þörfum beggja kynja strax í yngri bekkjum grunnskóla.



Mikilvægt er að auka áherslu á námstækni með það fyrir augum að efla sjálfstraust stúlkna á unglingsárum.

Mikilvægt er að leita svara við þeirri spurningu, með auknum rannsóknum, hvers vegna stærðfræði og náttúrufræði höfða síður til stúlkna en pílta þegar komið er upp í framhaldsskóla.

Samfélagsfræði og lífsleikni

Fræðsla um jafnrétti kynjanna er sjálfsgagt umfjöllunarefni í samfélagsfræðikennslu. Þar þarf að leggja sérstaka áherslu á fjölskyldufræðslu til að nemendur öðlist skilning á mikilvægi fjölskyldunnar fyrir einstaklinginn og samfélagið og þeirri ábyrgð sem fylgir barneignum og stofnun fjölskyldu fyrir alla einstaklinga í nútímasamfélagi.

Íþróttir

Rannsóknir hafa sýnt að sterk tengsl eru á milli íþróttaiðkunar og annarra þátta í lífi ungs fólks. Þannig er líklegra að unglingum, sem iðka íþróttir, líði betur, andlega og líkamlega, en öðrum unglingum. Þeir ná einnig betri árangri í námi og eru síður líklegir til að neyta fíkniefna.

Ástæða er til að hafa áhyggjur af miklu brottfalli stúlkna úr íþróttum. Skólinn verður að stuðla að öflugum íþróttuuppeldi beggja kynja.

Í samfélagi okkar bendir margt til þess að íþróttaiðkun karla sé gert mun hærra undir höfði en íþróttaiðkun kvenna, í það minnsta þegar rætt er um fjármagn og athygli fjölmiðla. Skólar geta átt þátt í að bæta hlut stúlkna að þessu leyti.

Á kynþroskaaldri er erfitt fyrir stóran hóp unglinga að umgangast hitt kynið við íþróttaiðkun. Kennarar og skólastjórnendur eru hvattir til að prófa sig áfram með kynjaskipta hópa á þessum aldri til að auðvelda nemendum þátttöku í íþróttum.



Tölvur og upplýsingatækni

Bæði kynin verða að öðlast trausta þekkingu á tölvum og upplýsingatækni. Sú fræðsla þarf að hefjast strax á yngri stigum grunnskóla til að draga úr þeim kynjamun sem þegar er orðinn umtalsverður í efri bekkjum grunnskóla þar sem stúlkur standa höllum fæti á þessu sviði.



Þess vegna þarf að gæta þess að

- viðfangsefni í tölvufræðslu tengist daglegu lífi, áhugasviðum og reynsluheimi beggja kynja
- þeir sem minni reynslu hafa á upplýsinga- og tæknisviði fái hæfilegan stuðning til þess að öðlast sjálfstraust og getu til að vinna að verkefnum
- jafn aðgangur beggja kynja að tækja- og hugbúnaði sé tryggður í skólanum
- frjáls aðgangur að tækjum og hugbúnaði sé nýttur jafnt af báðum kynjum, til dæmis með því að skipta frjálsum aðgangi að tölvum þannig að piltar hafi ákveðinn tíma og stúlkur annan

Heppilegt getur verið að para eða setja saman í hópa einstaklinga með svipaða getu til að hindra að þeir reyndari einoki nýtingu á tölvunum.

Stefnan er skýr

Í stefnuriti menntamálaráðuneytisins frá 1996, *Menning og menntun — forsenda framtíðar*, er því lýst yfir að skólar skuli

- vinna ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna
- vinna gegn því að nemendur festist um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar
- styrkja sjálfsmat nemenda

Við gerð nýrra aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla hefur sérstaklega verið tekið mið af þessari stefnu. Lögð er áhersla á að skólar búi bæði kynin jafnt undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og samfélaginu almennt og fræði bæði drengi og stúlkur um stöðu kynjanna, mannréttindi og vinni gegn mismunun.

Jafnrétti kynjanna til menntunar kostar stöðuga árvekni, einbeitni og skuldbindingu kennara og allra sem vinna að menntamálum. Það næst aðeins með samstarfi nemenda, kennara, foreldra, yfirvalda og allra þegna samfélagsins.



Menntamálaráðuneytið : smárit 1

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 4
150 Reykjavík
Sími 560 9500
Bréfasími 562 3068
netfang postur@mrn.stjr.is
Veffang www.mrn.stjr.is

Hönnun: Auk
Prentun: Prisma/Prentbær
Ljósmyndun: Bára

© 1999 Menntamálaráðuneytið
ISBN 9979-882-10-7